

12.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 15.desember 2021 kl.14:00, fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Björn G.Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Í símasambandi eru Arinbjörn Bernharsson Norðurfirði og Guðlaugur A.Ágústsson Steinstúni.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2022-2025, seinni umræða.
2. Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfélaga varðandi skipul. barnaverndar. Lagt fram til kynningar.
3. Póstur frá Fjölskylduhjálpi Íslands, beiðni um styrk.
4. Umsókn um styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lagt fram til kynningar.
5. Önnur mál.

1.Fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 til 2025, seinni umræða. Fjárhagsáætlun 2022-2025, seinni umræða.

Lögð er fram til seinni umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun árána 2023-2025. Oddviti kynnti tillöguna og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni frá fyrri umræðu.

Helstu niðurstöður áætlunar ársins 2022 eru:

Tekjur A og B hluta er 58,5 millj.kr.

Rekstrargjöld A og B hluta án fjármagnsliða 54,8 millj.kr.

Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 4,9 millj. kr.

Framkvæmdir og fjárfestingar eru áætlaðar 9,1 millj. kr.

Rekstrartekjur A hluta 51,5 millj.kr.

Rekstrargjöld án fjármagnsliða 48,7 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 4,9 þús.kr.

Álagning útsvars er óbreytt 14,52%

Lögð var fram tillaga um að álagning fasteignaskatts í Árneshreppi árið 2022 verði;

0,625% af fasteignamati skv. A-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,32% af fasteignamati skv. B-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,65% af fasteignamati skv. C-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Oddviti lagði fram tillögu um að gjöld vegna Norðurfjarðarhafnar hækki um 10% og

stöðuleyfisgjöld verði óbreytt frá 2021. Ákveðið var fyrir á árinu að veita búfjárkaupastyrk að

upphæði kr. 1.500.000,- til nýrra bænda sem fluttu í sveitarfélagið. Áætlaðar tekjur sveitarfélagsins af tengingum við ljósleiðara eru kr. 250.000,- pr einingu.

2.Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfélaga varðandi skipul.barnaverndar. Lagt fram til kynningar.

3.Póstur frá Fjölskylduhjálpi Íslands, beiðni um styrk. Hreppsnefnd ákvað að styrkja verkefnið um kr. 50.000,-

259.

4.Umsókn um styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lagt fram til kynningar.

5.Önnur mál.

a)Hreppsnefnd Árneshrepps fer þess á leit við Orkubú Vestfjarða að það fylgi eftir ljósleiðaravæðingu Árneshrepps með þrífösun rafmagns, eftir því sem verkefninu vindur fram. Átt er við alla leið norður í Norðurfjörð/Krossnes/Munaðarnes strax á næsta ári. Hreppsnefnd vekur athygli á því að fjármagn til ljósleiðaravæðingarinnar er þegar tryggt.

Ályktun þessi verður send Orkubúi Vestfjarða með tölvupósti fyrir hönd hreppsnefndar hið fyrsta.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00